

Varðandi afmælisveislur leikskólabarna

Afmælisveislur barna er mikið tilhlökkunarefni og getur verið hin mesta skemmtun bæði fyrir afmælisbarnið sem og þeim sem sækja slík boð. Það getur aftur á móti verið vandasamt að bjóða í afmælisveislur þegar verið er að bjóða börnum úr leikskólanum og á þetta sérstaklega við um eldri deildir skólans.

Börn sem fá ekki boð í afmælisveislu bekkjasystkina sinna geta orðið mjög sár og geta svona mál verið erfið fyrir leikskólakennara að kljást við og taka þau tíma frá dagskrá leikskólans.

Í leikskólanum Læk er unnið markvist að því að móta félagslega færni barnanna og er m.a. unnið með „Vináttu“ forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti í því skyni. Mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur í þeirri vinnu.

Á fundi foreldra í leikskólanum sem haldinn var í febrúar 2016 var þessi umræða tekin upp. Hér koma nokkrar uppástungur frá foreldrum til viðmiðunar hvernig haga skal boðum í afmælisveislur, ef foreldri ákveður að halda leikskólaafmæli:

- *Bjóða öllum börnunum á deildinni.*
- *Bjóða öllum strákunum/stelpunum á deildinni.*
- *Bjóða börnunum í sama árgangi á sömu deild.*
- *Bjóða strákunum/stelpunum í sama árgangi á sömu deild.*

Foreldrafélagið Grágæs og Foreldraráð Lækjar minna foreldra á að koma ekki með boðskort í afmælisveislur barna í leikskólann. Hægt er að nálgast símaskrár barnanna á deildum leikskólans.

Kær kveðja, Foreldrafélagið Grágæs og Foreldraráð Lækjar